

Almennir viðskiptaskilmálar

1. Almennt

1.1. Eftirfarandi skilmálar kveða á um almenna viðskiptaskilmála vegna viðskipta við Sparisjóðina, sem eru Sparisjóður Austurlands kt. 621214-0630, Sparisjóður Höfðhverfinga kt. 590424-1450, Sparisjóður Strandamanna kt. 610269-4199 og Sparisjóður Suður-Pingeyinga kt. 530990-2149. Skilmálarnir gilda um viðskipti við þann sparisjóð/þá sparisjóði sem notandi er í viðskiptum við. Þegar vísað er til Sparisjóðsins í skilmálum þessum vísar það til þess sparisjóðs/þeirra sparisjóða sem notandi er í viðskiptum við.

1.2. Í ákveðnum samningssamböndum gilda sérstakir skilmálar milli Sparisjóðsins og viðskiptavinar og ganga þeir þá framur þessum almennu skilmálum. Hinir almennu viðskiptaskilmálar eru þá viðbót við sérstöku skilmálana og þeim til fyllingar. Viðskiptavinur Sparisjóðsins skal kynna sér þau lög, þær reglur og þá skilmála sem gilda um viðkomandi viðskipti hverju sinni.

1.3. Semji Sparisjóðurinn og viðskiptavinur um frávík frá almennum eða sérstökum skilmálum Sparisjóðsins ganga þeir framur ákvæðum skilmálanna og gilda í þeim viðskiptum Sparisjóðsins og viðskiptavinarins.

1.4 Nánari upplýsingar um skilmála þessa má fá í næstu afgreiðslu, í síma eða á heimasíðu Sparisjóðsins, www.spar.is. Viðskiptavinir geta einnig sent almennar fyrirspurnir á netfang Sparisjóðsins en nánari upplýsingar eru á heimasíðu Sparisjóðsins, www.spar.is.

2. Um Sparisjóðina

2.1. Sparisjóðirnir veita viðskiptavinum þjónustu á sviði sparnaðar, lánveitinga og greiðslukorta. Sparisjóðirnir reka útibú, afgreiðslur og hraðbanka á sínum starfssvæðum.

2.2. Helstu upplýsingar um Sparisjóðina:

Sparisjóður Austurlands hf. Egilsbraut 25 740 Neskaupstað Sími: 470-1100 Kennitala: 621214-0630 Netfang: sparaust@sparaust.is	Sparisjóður Höfðhverfinga Túngötu 3 610 Grenivík Sími: 460-9400 Kennitala: 590424-1450 Netfang: spsh@spsh.is	Sparisjóður Strandamanna Hafnarbraut 19 510 Hólmavík Sími: 455-5050 Kennitala: 610269-4199 Netfang: spstr@spstr.is	Sparisjóður Suður-Pingeyinga Kjarna 650 Laugar Sími: 464-6200 Kennitala: 530990-2149 Netfang: spthin@spthin.is
---	--	--	--

2.3. Sparisjóðirnir hafa starfsleyfi sem sparisjóðir samkvæmt lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, og sætir eftirliti Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands, Kalkofnsvegi 1, 101 Reykjavík, í samræmi við lög nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi (sjá heimasíðu Seðlabanka Íslands, www.sedlabanki.is).

2.4. Frekari upplýsingar um starfsemi Sparisjóðanna má finna á vefsíðu þeirra: www.spar.is.

3. Upphaf viðskipta

3.1. Viðskiptavinur getur stofnað til viðskipta við Sparisjóðinn á heimasíðu Sparisjóðsins, í Heimabanka, í appi Sparisjóðsins eða á afgreiðslustöðum.

3.2. Við upphaf viðskiptasambands eða einstakra viðskipta skal viðskiptavinur undirgangast áreiðanleikakönnun, sbr. 4. kafla, og samþykkja þessa skilmála og aðra sérstaka skilmála Sparisjóðsins sem kunna að gilda um einstaka þjónustuvætti.

3.3. Við stofnun viðskipta er viðskiptavini skylt að tilkynna aðsetur, símanúmer og netfang til Sparisjóðsins. Verði aðsetursskipti, skipti á símanúmeri eða netfangi ber honum einnig að tilkynna það.

3.4. Með stofnun til viðskipta við Sparisjóðinn er einnig stofnaður Heimabanka- og appaðgangur fyrir viðskiptavin og þarf viðskiptavinur að samþykkja Heimabanka- og appskilmála Sparisjóðsins.

3.5. Sparisjóðnum er heimilt að hafna umsókn einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila um viðskipti nema lög mæli fyrir um annað. Sparisjóðnum ber almennt ekki skylda til að rökstyðja ákvörðun sína um synjun nema að lög mæli svo fyrir. Fallist umsækjandi ekki á rökstuðning Sparisjóðsins getur hann beint kvörtun sinni til Úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki, sjá nánar kafla 18.2. skilmála þessara.

3.6. Ákvæði þessa skilmála og annarra sérstakra skilmála Sparisjóðsins er falla undir gildissvið laga um greiðsluþjónustu teljast hluti af rammisamningi um greiðsluþjónustu milli viðskiptavinar og bankans.

4. Áreiðanleikakönnun, aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka

4.1. Sparisjóðurinn framkvæmir áreiðanleikakönnun á öllum viðskiptavinum í samræmi við ákvæði laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og laga um tekjuskatt.

4.2. Við framkvæmd áreiðanleikakönnunar ber viðskiptavini að sanna á sér deili með fullgildum rafrænum skilríkjum eða gildum og viðurkenndum persónuskilríkjum (þ.e. vegabréf, ökuskírteini og nafnskírteini), en lögaðili skal framvísa nýlegum upplýsingum úr fyrirtækjaskrá eða sambærilegum gögnum. Viðskiptavinur skal einnig veita tilteknar grunnupplýsingar svo sem nafn, kennitölu, heimilisfang, ríkisfang, skattalegt heimilisfesti, símanúmer og netfang, ásamt upplýsingum um stjórnsmátengsl, tilgang viðskipta og uppruna fjár. Lögaðilum ber auk þess að veita upplýsingar um lagalegt form, stjórn, framkvæmdastjóra og aðra sem hafa heimild til að skuldbinda félagið auk upplýsinga um raunverulega eigendur. Þá kann Sparisjóðurinn að fara fram á að tengdir aðilar sanni á sér deili og veiti tilteknar grunnupplýsingar svo sem aðili sem hefur heimild til að skuldbinda viðskiptavin eða hefur gengist í ábyrgð á skuldbindingum viðkomandi, eða ef viðskipti eru í þágu þriðja aðila. Sparisjóðurinn áskilur sér rétt til að óska eftir viðbótarupplýsingum eftir því sem tilefni er til, með hliðsjón af áhættu og aðstæðum hverju sinni.

4.3. Viðskiptavinur skal að eigin frumkvæði upplýsa um breytingar á áður veittum upplýsingum og staðfesta eða uppfæra upplýsingar þegar Sparisjóðurinn óskar eftir því. Sparisjóðnum ber að taka afrit af skilríkjum og upplýsingum sem viðskiptavinur veitir við áreiðanleikakönnun og sem Sparisjóðurinn aflar að eigin frumkvæði og varðveita í að lágmarki fimm ár frá því að viðskiptasambandi lýkur eða einstök viðskipti hafa átt sér stað.

4.4. Veiti viðskiptavinur ekki þær upplýsingar sem Sparisjóðurinn telur nauðsynlegar er óheimilt að stofna til viðskipta og kann slíkt að leiða til takmörkunar eða þess að bundinn er endi á þá þjónustu sem þegar hefur verið veitt, án frekari fyrirvara. Sparisjóðurinn áskilur sér rétt til að segja upp viðskiptasambandi við aðila sem lýtur alþjóðlegum þvingunaraðgerðum ef Sparisjóðurinn metur viðskiptasamband geta falið í sér hættu á peningabætti og/eða fjármögnun hryðjuverka eða með hliðsjón af áhættumati Sparisjóðsins og aðstæðum hverju sinni.

4.5. Sparisjóðnum er skylt að tilkynna lögreglu vakni grunur um peningþvætti eða fjármögnun hryðjuverka og veita allar nauðsynlegar upplýsingar í tengslum við slíka tilkynningu.

4.6. Sparisjóðurinn áskilur sér allan rétt til að synja afgreiðslu án fyrirvara ef fyrir hendi er grunur um að fyrirhuguð viðskipti tengist ólögumætri háttsemi. Auk þess hefur Sparisjóðurinn heimild til að læsa reikningi fyrir innborgunum og/eða útborgunum vakni grunur um að reikningurinn hafi verið nýttur í tengslum við svik og/eða peningþvætti.

5. Yfirlýsing um eignaraðild

5.1. Viðskiptavinur staðfestir að allar eignir sem hafa verið eða munu verða lagðar inn á reikning hjá Sparisjóðnum af honum (eða samkvæmt umboði hans) tilheyra honum persónulega og að hann telst raunverulegur eigandi þeirra („beneficial owner“).

5.2. Jafnframt staðfestir viðskiptavinur að eignirnar megji hvorki nú né síðar rekja beint eða óbeint til refsiverðrar háttsemi.

5.3. Þá staðfestir viðskiptavinur einnig að hann sé raunverulegur eigandi allra reikninga sem skráðir eru á nafn hans hjá Sparisjóðnum.

5.4. Viðskiptavinur lýsir því hér með yfir að hann er heimilisfastur í skattalegum skilningi í því landi sem tilgreint er í samningi viðskiptavinar við Sparisjóðinn og að hann uppfylli nauðsynleg skilyrði til að falla undir ákvæði tvísköttunarsamnings (sé slíkur samningur fyrir hendi) milli þess lands þar sem hann er heimilisfastur og þess lands þar sem hann fjárfestir fyrir milligöngu Sparisjóðsins.

5.5. Viðskiptavinur skuldbindur sig hér með til að tilkynna Sparisjóðnum tafarlaust um allar breytingar á raunverulegri eignaraðild á reikningum sem skráðir eru á nafn hans hjá Sparisjóðnum og skattalegri stöðu.

6. Samskipti við Sparisjóðinn, miðlun upplýsinga o.fl.

6.1. Almennt fara samskipti Sparisjóðsins við viðskiptavin fram á íslensku nema annað sé tekið fram eða leiði af eðli máls. Íslensk lög liggja til grundvallar samskiptum Sparisjóðsins við viðskiptavini sína. Komi upp ágreiningur um túlkun skjala Sparisjóðsins á öðru tungumáli en íslensku skal íslenska útgáfan liggja til grundvallar þegar skera þarf úr um vafaatriði.

6.2. Sparisjóðurinn áskilur sér rétt til að afhenda viðskiptavini öll skjöl og yfirlit á rafrænu formi eða öðrum varanlegum miðlum, svo sem í Heimabanka, appi Sparisjóðsins, á uppgefið netfang viðskiptavinar eða í stafrænt pósthólf eftir því sem lög heimila (island.is). Jafnframt á þetta við um önnur skilaboð, upplýsingar og tilkynningar s.s. vegna breytinga á skilmálum Sparisjóðsins, vöxtum eða kostnaði, greiðslukvittunum og öðrum bréfum. Varðveisla skjala í Heimabanka og appi viðskiptavinar er í samræmi við lög og reglur á hverjum tíma.

6.3. Sparisjóðurinn leitast við að tryggja það að viðskiptavinur geti alltaf fengið aðgang að Heimabanka eða appi Sparisjóðsins. Hafi viðskiptavinur ekki aðgang að Heimabanka eða appi Sparisjóðsins getur hann í einhverjum tilvikum farið fram á að fá skjöl send í bréfpósti og greiðir þá þóknun fyrir það í samræmi við verðskrá Sparisjóðsins, nema slíkt sé óheimilt samkvæmt lögum. Í öðrum tilvikum getur hann óskað eftir því að fá þau prentuð út á pappír með því að heimsækja næstu afgreiðslu eða hafa samband símleiðis við Sparisjóðinn.

6.4. Samskipti viðskiptavinar og Sparisjóðsins geta farið fram í afgreiðslum, í gegnum síma, bréfflega, og í gegnum rafrænar leiðir. Sparisjóðurinn getur krafist viðskiptavins um allar nauðsynlegar upplýsingar í hverju tilfalli til að sanna deili hans og að hann hafi heimildir til umbeðinna viðskipta eða

fyrirmæla, s.s. með því að krefja um leyniorð á reikninga eða að viðskiptavinur auðkenni sig með öðrum hætti, t.d. með notkun rafrænna skilríkja.

6.5. Fari viðskipti fram í gegnum tölvu, síma, appi Sparisjóðsins, hraðbanka eða annars konar vélknúnum búnaði skal viðskiptavinur leggja til þann vél- og hugbúnað sem nauðsynlegur er. Viðskiptavinur er ábyrgur fyrir notkun á vél- og hugbúnaði sem nauðsynlegur er. Sparisjóðurinn verður ekki gerður ábyrgur fyrir tjóni sem hlotist getur af galla eða bilun í vél- eða hugbúnaði. Uppfylli búnaður viðskiptavinar ekki þær lágmarkskröfur sem Sparisjóðurinn gerir er honum heimilt að synja um umbeðin viðskipti eða færslu.

7. Rafræn viðskipti

7.1. Sparisjóðurinn býður fjölbreytt úrval af vörum í gegnum rafrænar leiðir. Ýmsar vörur geta einungis verið aðgengilegar eftir rafrænum leiðum. Sparisjóðnum er heimilt að benda viðskiptavinum sínum á að nýta sér rafrænar leiðir til þess að eiga viðskipti. Samningar og önnur skjöl sem gerð eru eftir rafrænum leiðum eru jafngild þeim sem gerð eru á pappír.

7.2. Sparisjóðurinn afhendir rafræn skjöl vegna rafrænna viðskipta í appi og/eða Heimabanka undir „Rafræn skjöl“.

8. Vextir og vaxtaútreikningar

8.1. Sé ekki um annað samið eru vextir breytilegir á samningstímanum.

8.2. Vaxtabreytingar eru birtar í vaxtatöflu Sparisjóðsins sem finna má á heimasíðu hans, www.spar.is, eða tilkynntar í Heimabanka Sparisjóðsins eða með öðrum hætti í samræmi við lög og reglur á hverjum tíma. Þá geta viðskiptavinir einnig fengið upplýsingar í afgreiðslum eða síma um gildandi vaxtatöflu.

8.3. Breytingar á innlánsvöxtum taka meðal annars mið af breytingum á stýrivöxtum Seðlabanka Íslands, þ.e. viðmiðunarvöxtum í skilningi laga um greiðsluþjónustu. Þá taka breytingar á innlánsvöxtum einnig mið af opinberum álögum, fjármögnunar- og rekstrarkostnaði Sparisjóðsins, breytingum á vísitölu neysliverðs til verðtryggingar o.fl. atriðum. Við vaxtabreytingar eru framangreindir þættir metnir í heild og/eða hver um sig.

8.4. Vaxtabreytingar sem taka gildi án fyrirvara

- a. Breytingar á innlánsvöxtum til neytenda sem eingöngu byggjast á breytingu á stýrivöxtum Seðlabanka Íslands taka gildi þegar í stað og án aðvörunar óháð því hvort um er að ræða hækkun eða lækkun innlánsvaxta. Nálkast má upplýsingar um stýrivexti Seðlabanka Íslands á vef seðlabankans. Séu vaxtabreytingar ekki byggðar á breytingum á viðmiðunarvöxtum og Sparisjóðurinn metur fyrirhugaðar vaxtabreytingar viðskiptavinum í hag taka breytingarnar gildi án fyrirvara. Að öðru leyti kynnir Sparisjóðurinn fyrirhugaðar breytingar á vöxtum innlánsreikninga með þeim hætti sem gildandi lög og reglur gera ráð fyrir hverju sinni.
- b. Í þeim tilvikum sem reikningseigandi er ekki neytandi í skilningi laga um greiðsluþjónustu eða reikningur er ekki greiðslureikningur í skilningi framangreindra laga, geta vextir breyst án fyrirvara í samræmi við ákvörðun Sparisjóðsins um vexti hverju sinni, án sérstakrar tilkynningar um breytinguna, en upplýsingar um vexti eru ávallt aðgengilegar í vaxtatöflu Sparisjóðsins, sem birt er á www.spar.is.
- c. Sparisjóðnum er heimilt að fella niður einhliða og án fyrirvara sérvaxtakjör, sem veitt hafa verið viðskiptavinum og byggja á því að hann uppfylli tiltekin skilyrði, ef viðkomandi viðskiptavinur uppfyllir ekki lengur skilyrði Sparisjóðsins fyrir slíkum sérvaxtakjörum.

Sparisjóðurinn ákveður einhliða þau skilyrði sem sett eru fyrir sérkjörum hverju sinni, sem geta til að mynda verið að viðskiptavinur sé námsmaður, undir 18 ára aldri eða noti tiltekinn fjölda þjónustupátta sem veita honum aðild að vildarþjónustu. Ef sérkjör eru felld niður verða kjör á viðkomandi reikningi í samræmi við gildandi vaxtatöflu Sparisjóðsins hverju sinni.

8.5. Vaxtabreytingar sem taka gildi með 2 mánaða fyrirvara.

- a. Breytingar á vaxtakjörum greiðslureikninga sem falla undir lög um greiðsluþjónustu taka breytingum með tveggja mánaða fyrirvara í samræmi við 56. gr. laganna nema breyting byggist á breytingu á viðmiðunarvöxtum eða viðmiðunargengi og/eða er til hagsbóta fyrir viðskiptavini.
- b. Hafi Sparisjóðurinn og viðskiptavinur samið um sérstök vaxtakjör gilda þeir samningsskilmálar umfram almennar breytingar á vaxtatöflu Sparisjóðsins og taka breytingum í samræmi við ákvæði þess samnings, þegar við á.

8.6. Vaxtaútreikningur

- a. Almennt er vaxtaárið 360 dagar. Vaxtatímabil miðast við 30 daga í mánuði, en upphaf og lok tímabils fer eftir tegund innlánsreiknings hverju sinni.
- b. Innborganir bera vexti frá og með þeim tíma er fjármunir eru eignfærðir á reikning (innborgunardegi), nema um annað sé samið í sérstökum skilmálum reikninga. Síðasti vaxtadagur er dagurinn áður en úttekt er skuldfærð á reikning.
- c. Það ræðst af eðli og tegundum reikninga hvenær vextir leggjast við höfuðstól. Almennt leggjast vextir þó við höfuðstól um áramót og við eyðileggingu reiknings, nema um annað hafi verið samið. Á bundnum reikningum kunna vextir, sem leggjast við höfuðstól um áramót, að bindast með sama hætti og aðrar innborganir. Verðbætur leggjast almennt við höfuðstól í lok hvers mánaðar, nema um annað hafi verið samið og á orlofsreikningum.
- d. Fjármagnstekjuskattur er skuldfærður við vaxtabókun af vöxtum og verðbótum. Upplýsingar um vexti og verðbætur koma fram í ársyfirliti sem viðskiptavinur fær sent í rafræn skjöl einu sinni á ári. Verðtrygging innstæðna miðast við vísitölu neysluverðs eins og Hagstofa Íslands auglýsir hana mánaðarlega, nema lög kveði á um annað. Verðtrygging fjárhæða hluta úr mánuði skal þannig framkvæmd að verðbætur innan mánaðar miðist við daglega línulega breytingu á vísitölu neysluverðs, þ.e. milli gildis vísitölunnar sem í gildi er þegar útreikningur er gerður og gildis hennar á fyrsta degi næsta mánaðar þar á eftir.
- e. Reikningseigandi skuldbindur sig til að greiða vexti og kostnað af yfirdráttarheimild samkvæmt vaxtatöflu og verðskrá Sparisjóðsins á hverjum tíma, nema um annað hafi verið samið. Reikningseigandi skal fylgjast með stöðu reikningsins og er óheimilt að draga á reikninginn fjárhæð sem er umfram umsamda yfirdráttarheimild. Vaxtatímabil nýtttra yfirdráttarheimilda er almennt einn mánuður. Sparisjóðurinn getur einhliða breytt þeim mánaðardögum sem vaxtatímabil miðast við, þannig að það sé þó almennt ekki lengra en einn mánuður. Fyrsta vaxtatímabil eftir breytingu á þeim mánaðardögum sem miðað er við getur þó reynst lengra eða styttra en einn mánuður. Vextir reiknast af nýtttri yfirdráttarheimild við lok hvers dags og eru reiknaðir frá upphafi mánaðar til loka hans, nema um annað hafi verið samið. Vextir og kostnaður af yfirdráttarheimild skuldfærast af reikningi, sbr. 9. kafli skilmála þessara. Af úttektum umfram samþykkttri heimild greiðist sérstakt gjald af hverri innstæðulausri úttekt samkvæmt gildandi verðskrá Sparisjóðsins á hverjum tíma. Þá ber ósamþykktur yfirdráttur eða ádráttur umfram innstæðu dráttarvexti frá færsludegi og til greiðsludags.

- f. Sé afborgun eða skuld viðskiptavinar greidd eftir gjalddaga falla á skuldina dráttarvextir í samræmi við lög um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 og ákvörðun Seðlabanka Íslands um vanefndaálag og kostnaður vegna innheimtu, allt í samræmi við verðskrá Sparisjóðsins. Dráttarvextir reiknast frá og með gjalddaga fram að greiðsludegi og eru reiknaðir sem dagvextir.
- g. Sparisjóðurinn áskilur sér rétt til að ráðstafa öllum innborgunum inn á skuld viðskiptavinar fyrst til greiðslu dráttarvaxta, vaxta og kostnaðar, þ.m.t. innheimtugjalda og lögmannspóknunar.
- h. Ef yfirdráttarheimild er veitt samkvæmt sérstökum samningi um yfirdrátt við Sparisjóðinn gilda ákvæði hans framar skilmálum þessum eins og við getur átt.

9. Verðskrá

9.1. Verðskrá Sparisjóðsins er hluti af þessum skilmálum og viðskiptavinir greiða gjöld fyrir þjónustu bankans og annan útlagðan kostnað í tengslum við veitta þjónustu samkvæmt verðskrá Sparisjóðsins eins og hún er á hverjum tíma. Sé kveðið á um gjaldtöku í öðrum skilmálum eða samningum sem Sparisjóðurinn gerir við viðskiptavin sinn skulu þeir skilmálgilda framar verðskrá bankans ef ósamræmi er þar á milli. Sparisjóðnum er heimilt að skuldfæra gjöld og kostnað af reikningi viðskiptavinar hjá Sparisjóðnum og skulu slíkar skuldfærslur koma fram á reikningsyfirliti skuldfærslureiknings.

9.2. Viðskiptavinur ber fulla ábyrgð á greiðslum til Sparisjóðsins vegna notkunar á vörum og/eða þjónustu Sparisjóðsins.

9.3. Sé viðskiptavinur lögaðili er Sparisjóðnum heimilt að gera breytingar á verðskrá án fyrirvara.

9.4. Sparisjóðurinn getur breytt verðskrá sinni með tveggja mánaða fyrirvara og innheimt gjöld eftir því ef breytingarnar varða þjónustubætti sem falla undir gildissvið laga um greiðsluþjónustu. Falli breytingarnar ekki undir gildissvið laganna er Sparisjóðnum heimilt að breyta verðskránni án fyrirvara. Breytingar eru kynntar í verðskrá á heimasíðu Sparisjóðsins, www.spar.is.

9.4. Geri viðskiptavinur ekki athugasemdir við breytingar á verðskrá fyrir gildistöku þeirra telst hann hafa samþykkt þær. Viðskiptavinir geta einnig fengið upplýsingar um gildandi verðskrá í afgreiðslum eða símleiðis.

9.5. Hafi Sparisjóðurinn og viðskiptavinur samið um sérstök þjónustugjöld gilda þeir samningsskilmálar umfram almennar breytingar á verðskrá Sparisjóðsins og taka breytingum í samræmi við ákvæði þeirra samninga, þegar við á.

9.5. Öll viðskipti í erlendum myntum fara eftir gengistöflu Sparisjóðsins eins og hún er hverju sinni. Það ræðst af eðli viðskipta á hvaða gengi viðskipti eru framkvæmd. Myndist gengismunur vegna viðskipta ber viðskiptavinur áhættuna af því, nema samið hafi verið um annað.

9.6. Viðskiptavinur getur fengið upplýsingar um verðskrá á heimasíðu Sparisjóðsins, www.spar.is í afgreiðslum eða símleiðis.

10. Lánaviðskipti, fyrirgreiðslur og tryggingar

10.1. Við lánaviðskipti, hvort sem það er vegna skuldabréfa, lánsamninga, bankaábyrgða, yfirdráttar eða annars, veitir viðskiptavinur Sparisjóðnum heimild til að framkvæma lánshæfis- eða greiðslumat vegna fyrirhugaðra lánaviðskipta á grundvelli upplýsinga sem viðskiptavinur afhendir, veitir Sparisjóðnum heimild til þess að kalla eftir eða Sparisjóðurinn sjálfur aflar.

10.2. Sparisjóðurinn getur óskað eftir því að viðskiptavinur setji hvers kyns tryggingar sem Sparisjóðurinn metur fullnægjandi, svo sem veð í fasteign, peningum, lausafé, verðbréfum eða öðrum verðmætum, fyrir skilvísnum greiðslum. Þá getur Sparisjóðurinn einnig óskað þess að þriðji maður gangist í persónulega ábyrgð fyrir lántaka eða leggi fram lánsveð.

10.3. Sparisjóðurinn áskilur sér rétt til að synja viðskiptavini um fyrirgreiðslu eða fara þess á leit að hann leggi fram hvers konar tryggingar þrátt fyrir að viðskiptavinur standist lánshæfis- eða greiðslumat, ef Sparisjóðurinn telur fyrirbyggjandi gögn benda til þess eða önnur atvik valda því að ekki verði talið að viðskiptavinur standi eða geti staðið við skuldbindingar sínar. Sparisjóðnum ber ekki skylda til að rökstyðja þá ákvörðun sína.

11. Afturköllun greiðslufyrirmæla og endurgreiðsla

11.1. Viðskiptavinur getur almennt ekki afturkallað greiðslufyrirmæli eftir að Sparisjóðurinn hefur tekið við þeim. Frá þessu eru nokkrar undantekningar í lögum um greiðsluþjónustu, nr. 120/2011, sbr. t.a.m. þegar um beingreiðslu er að ræða, en þá getur viðskiptavinur afturkallað greiðslufyrirmæli í síðasta lagi í lok síðasta viðskiptadags fyrir umsaminn framkvæmdadag greiðslu. Sparisjóðnum er heimil gjaldtaka fyrir afturköllun greiðslufyrirmæla í samræmi við verðskrá Sparisjóðsins á hverjum tíma.

11.2. Viðskiptavinur á almennt ekki rétt á endurgreiðslu heimilaðrar og þegar framkvæmdir greiðslu sem hann hefur veitt Sparisjóðnum samþykki sitt fyrir. Frá þessu eru nokkrar undantekningar í lögum um greiðsluþjónustu, nr. 120/2011, sbr. t.d. þegar viðtakandi greiðslu á frumkvæði að, eða hefur milligöngu um framkvæmd greiðslunnar, og eftirfarandi skilyrðum er fullnægt: (a) fjárhæð greiðslu er ekki nákvæmlega tilgreind í heimild til greiðslu, (b) fjárhæð greiðslunnar er hærri en svo að viðskiptavinur geti með sanngjörnum hætti gert ráð fyrir greiðslunni m.v. m.a. útgjaldamynstur hans og atvik að öðru leyti.

12. Trúnaður

12.1. Stjórnarmenn Sparisjóðsins, framkvæmdastjórar, endurskoðendur, starfsmenn og hverjir þeir sem taka að sér verk í þágu Sparisjóðsins eru bundnir þagnarskyldu um allt það sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd starfa síns og varðar viðskipta- eða einkamálefni viðskiptavinar Sparisjóðsins, nema skylt sé að veita upplýsingarnar samkvæmt lögum. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

12.2. Viðskiptavinur getur heimilað að trúnaði sé aflétt. Einnig getur dómari úrskurðað að skylt sé að veita upplýsingar fyrir dómi eða hjá lögreglu eða að skylda sé að veita upplýsingar lögum samkvæmt sem varða einka- og/eða viðskiptamálefni viðskiptavina og Sparisjóðurinn er að jafnaði bundinn trúnaði um.

13. Umboð

13.1. Viðskiptavinur getur veitt þriðja aðila umboð til að annast viðskipti við Sparisjóðinn og/eða afla upplýsinga hjá Sparisjóðnum vegna viðskipta sinna við Sparisjóðinn fyrir sína hönd. Umboð sem viðskiptavinur veitir þriðja aðila vegna viðskipta við Sparisjóðinn eða til að annast viðskipti við Sparisjóðinn eða óska upplýsinga um viðskipti skulu vera skrifleg og vottuð af tveimur vottum, lögboðkanda (l. notario publico) eða héraðsdóms eða hæstaréttarlögmanni eða undirrituð með fullgildum rafrænum skilríkjum.

13.2. Sé umboðsmanni ekki veitt fullt og ótakmarkað umboð skal tilgreina nákvæmlega hvaða heimildir umboðsmaður hefur til að taka ákvarðanir fyrir hönd umboðanda.

13.3. Sé umboð ekki tímabundið fellur það niður gagnvart Sparisjóðnum við afturköllun umbjóðanda á umboði.

13.4. Afturköllun eða breyting umbjóðanda á umboði er hann hefur veitt skal berast Sparisjóðnum skriflega. Afturköllun eða breyting á umboði öðlast gildi þegar tilkynningin berst Sparisjóðnum.

13.5. Sparisjóðnum er heimilt að synja um viðskipti á grundvelli umboðs viðskiptavinar ef Sparisjóðurinn telur að umboðið uppfylli ekki kröfur Sparisjóðsins eða laga um skýrleika og vottun.

14. Samruni félaga, breyting á tilgangi o.fl.

14.1. Ef viðskiptavinur er lögaðili og taki hann ákvörðun um að sameinast öðru félagi eða félögum, skipta félaginu upp í fleiri sjálfstæð félög, breyta starfsemi sinni þannig að þörf verði á breytingum á tilgangi félags í samþykktum þess, eða verði veruleg breyting á eignaraðild í félaginu (viðskiptavinar), er Sparisjóðnum heimilt að segja upp öllum viðskiptasamningum sem eru í gildi milli aðila, telji Sparisjóðurinn að slíkar breytingar hafi verulega neikvæð áhrif á rekstrargrundvöll, fjárhagsstöðu félagsins eða viðskiptavinar eða getu félagsins eða viðskiptavinar til að standa við skuldbindingar sínar.

14.2. Viðskiptavinur skal tilkynna Sparisjóðnum án tafar um slíka ákvörðun. Uppsagnarfrestur skal vera 15 dagar frá því Sparisjóðurinn tilkynnir viðskiptavini um ákvörðun sína um að segja viðskiptunum upp. Allir samningar skulu þá falla í gjalddaga strax að liðnum uppsagnarfresti og skal fjárhagslegt uppgjör fara fram þá þegar. Aðstæður kunna á hinn bóginn að krefjast þess að skemmri frestur sé veittur og er Sparisjóðnum því heimilt að setja skemmri uppsagnarfrest eða stytta áður veittan frest.

15. Lok viðskipta

15.1. Sparisjóðurinn og viðskiptavinir hans geta hvenær sem er sagt upp viðskiptum sín á milli án fyrirvara nema laga- eða samningsákvæði kveði á um annað. Uppsögn skal tilkynnt með sannanlegum hætti. Ef viðskiptasambandið varðar greiðsluþjónustu skv. lögum um greiðsluþjónustu er Sparisjóðnum heimilt að segja viðskiptasambandinu upp með tveggja mánaða fyrirvara. Ef viðskiptum er sagt upp áskilur Sparisjóðurinn sér rétt til að segja upp ábyrgðum og öðrum skuldbindingum sem hann hefur tekist á hendur gagnvart viðskiptavini.

15.2. Sparisjóðurinn áskilur sér rétt til binda enda á alla þjónustubætti, að fullu eða að hluta, án fyrirvara og sérstakrar tilkynningar, að eigin frumkvæði ef viðskiptavinur verður uppvís að því að brjóta lög, reglur Sparisjóðsins, skilmála Sparisjóðsins eða aðrar reglur sem gilda um viðskipti hans við Sparisjóðinn, ef viðskiptavinur eða þriðji aðili verður uppvís að því að misnota þjónustu og/eða vörur Sparisjóðsins, ef viðskiptin teljast að mati Sparisjóðsins fela í sér hættu á peningabætti og/eða fjármögnun hryðjuverka, ef viðskiptasambandið getur að mati Sparisjóðsins skaðað orðspor hans eða ef Sparisjóðurinn telur viðskiptasambandið ósamrýmanlegt áhættumati Sparisjóðsins. Í framangreindum tilvikum getur Sparisjóðurinn bundið enda á viðskiptin og þjónustuna án þess að tilkynna viðskiptavini um það fyrirfram. Í þeim tilvikum sem reikningseigandi er lögaðili, eða þegar þjónustubáttur felur ekki í sér greiðsluþjónustu, áskilur Sparisjóðurinn sér rétt til að segja upp samningum og binda enda á þjónustuna án fyrirvara.

15.3. Njóti viðskiptavinur sérhæfðrar þjónustu Sparisjóðsins, svo sem greiðslu-, húsfélaga- eða innheimtuþjónustu, fer uppsögn þeirra samninga eftir sérstökum skilmálum þeirra þjónustubátta. Sparisjóðurinn áskilur sér ávallt rétt til að rifta slíkum samningum ef einhver af framangreindum atriðum í þessum kafla eiga við. Riftunin skal vera skrifleg eða með rafrænum hætti.

15.4. Sparisjóðurinn skuldbindur sig til þess að leita ávallt leiða til þess að auðvelda einstaklingum og litlum fyrirtækjum að færa viðskipti sín til annars sparisjóðs eða banka. Skal það gert bæði með tæknilegum lausnum og aðstoð starfsfólks.

15.5. Fjármálagerningar og aðrar eignir viðskiptavinar skulu afhentar viðskiptavini við lok tveggja mánaða tímabilsins. Slitni samningssambandið án fyrirvara skal Sparisjóðurinn afhenda allar eignir í vörslu sinni á dagsetningu slita. Veiti viðskiptavinur Sparisjóðnum ófullnægjandi upplýsingar svo að Sparisjóðurinn geti ekki afhent eignirnar hefur Sparisjóðurinn heimild til að hafa eignirnar í sinni umsjá fyrir hönd viðskiptavinar og á hans kostnað. Eigi viðskiptavinur innstæður á innlánsreikningum er Sparisjóðnum heimilt að loka þeim og leggja innstæður inn á geymslureikninga, sbr. lög um geymslufé nr. 9/1978. Slík varsla skal byggjast á skilmálum þessum eins og þeir kunna að vera frá einum tíma til annars.

15.6. Ef viðskiptavinur, við uppsögn samnings og/eða annarrar þjónustu, skuldar Sparisjóðnum gjöld eða aðrar þóknanir vegna veittrar þjónustu er Sparisjóðnum heimilt að skuldfæra gjöldin af reikningi viðskiptavinar.

15.7. Hafi viðskiptavinur ekki skráðan Heimabanka né sinnt tilkynningarskyldu um aðsetur, símanúmer eða netfang fer uppsögn fram án tilkynningar.

15.8. Viðskiptavinur hefur að jafnaði rétt til að falla frá fjarsölusamningi án greiðslu og án þess að tilgreina nokkra ástæðu enda sendi hann tilkynningu þar að lútandi til Sparisjóðsins innan 14 daga frá þeim degi er fjarsölusamningur var gerður. Ákvæði laga um fjarsölu á fjármálaþjónustu nr. 33/2005 gilda um réttindi og skyldur viðskiptavina og Sparisjóðsins við gerð og framkvæmd fjarsölusamninga.

16. Eftirlitsmyndavélar, hljóðritun símtala og tölvupóstur

16.1. Í afgreiðslum Sparisjóðsins og hraðbönkum kunna að vera eftirlitsmyndavélar. Sparisjóðnum er heimilt að nýta sér upptökurnar komi upp ágreiningur milli aðila eða til að rannsaka mögulega saknæma og/eða refsiverða háttsemi starfsmanna eða viðskiptavina Sparisjóðsins.

16.2 Sparisjóðurinn áskilur sér rétt til að hljóðrita öll símtöl, bæði þau sem eru móttækin og þau sem starfsmenn hringja. Sparisjóðnum er heimilt að nýta sér upptökurnar ef upp kemur ágreiningur milli aðila og nauðsynlegt er að staðreyna innihald samtalsins, eða til að rannsaka mögulega saknæma og/eða refsiverða háttsemi starfsmanna eða viðskiptavina Sparisjóðsins. Sparisjóðurinn ábyrgist ekki að öll símtöl séu hljóðrituð.

16.3. Allir tölvupóstur sem Sparisjóðurinn og starfsmenn hans móttaka og senda eru varðveittir í samræmi við lög og reglur hverju sinni.

16.4. Hljóðritun símtala er í samræmi við ákvæði laga um fjarskipti nr. 81/2003. Myndbandseftirlit fer fram í samræmi við ákvæði laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og reglur um rafræna vöktun nr. 837/2006. Úrvinnsla þeirra upplýsinga sem kunna að verða til við hljóðritun símtala og myndbandsupptökur er í samræmi við ákvæði laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Sparisjóðurinn áskilur sér allan rétt til að varðveita upplýsingar sem verða til í viðskiptasambandi Sparisjóðsins og viðskiptavinar, svo framarlega sem að Sparisjóðurinn hafi lögmætra hagsmuna að gæta af varðveislu upplýsinganna.

16.5. Sparisjóðnum er óheimilt að afhenda afrit af eftirlitsupptökum, tölvupóstum og hljóðrituðum símtölum nema samkvæmt sérstakri lagaheimild eða úrskurði dómara. Sparisjóðnum er þó ávallt heimilt að afhenda lögreglu afrit þegar um slys eða meintan refsiverðan verknað er að ræða.

16.6. Öll hljóð- og myndupptaka af samskiptum við starfsmenn Sparisjóðsins, sem fram fara á starfsstöðvum Sparisjóðsins, er óheimil nema gegn sérstöku samþykki yfirmanns Sparisjóðsins á viðkomandi starfsstöð. Eigi upptaka sér stað, þrátt fyrir framangreint og án sérstaks samþykkis, er óheimilt að nýta slíka upptöku með hvaða hætti sem er. Áskilur Sparisjóðurinn sér rétt til að kæra notkun slíkra hljóð- og myndupptaka til lögreglu.

17. Persónuupplýsingar

17.1. Viðskiptavinur staðfestir að honum sé kunnugt um að til þess að efna skuldbindingar sínar samkvæmt skilmálum þessum sé Sparisjóðnum nauðsynlegt að safna og vinna með persónuupplýsingar í samræmi við lög og reglur.

17.2. Persónuverndarfulltrúi Sparisjóðsins hefur það hlutverk að fylgjast með að farið sé eftir ákvæðum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.

17.3. Megintilgangur með vinnslu á persónuupplýsingum er að veita viðskiptavinum þá þjónustu sem óskað er eftir. Heimild til vinnslu persónuupplýsinga getur m.a. verið vegna framkvæmdar samnings, lagaskyldna sem hvíla á Sparisjóðnum og vegna lögmætra hagsmuna Sparisjóðsins.

17.4. Sparisjóðurinn mun ekki afhenda persónuupplýsingar nema Sparisjóðnum sé skylt samkvæmt lögum að afhenda þær t.a.m til eftirlitsstofnana, löggæsluyfirvalda eða annarra aðila sem hafa heimild að lögum til að móttaka umræddar upplýsingar. Þá getur Sparisjóðnum verið skylt að afhenda persónuupplýsingar ef dómari úrskurðar að skylt sé að veita þær fyrir dómi eða hjá lögreglu. Viðskiptavinur getur þó heimilað Sparisjóðnum afhendingu persónuupplýsinga um hann. Sparisjóðurinn getur í starfssemi sinni þurft að miðla upplýsingum til vinnsluaðila sem vinnur persónuupplýsingar fyrir Sparisjóðinn eða sinnir tengdum verkefnum fyrir hönd Sparisjóðsins. Þeir sem veita upplýsingum viðtöku um viðskipta-og/eða einkamálefni viðskiptavina Sparisjóðsins eru bundnir þagnarskyldu með sama hætti og gildir um Sparisjóðinn og starfsmenn hans. Sparisjóðurinn vinnur fyrst og fremst með fjárhagsupplýsingar, öryggisupplýsingar og almennar lýðupplýsingar í sinni starfsemi og er geymslutími gagna til samræmis við nauðsyn og kröfur laga. Sé persónuupplýsingum miðlað landa utan EES upplýsir Sparisjóðurinn þá einstaklinga sem upplýsingarnar varða um þá ráðstöfun.

17.5. Einstaklingur getur fengið aðgang að persónuupplýsingum sínum og við ákveðnar aðstæður að leiðrétta, eyða, takmarka vinnslu, andmæla og flytja eigin gögn. Þá hefur einstaklingur rétt á að leggja fram kvörtun til Persónuverndar. Einstaklingur á rétt á því að afturkalla samþykki sitt hvenær sem er ef heimild til vinnslunnar byggir einungis á samþykki.

17.6. Rík skylda hvílir á Sparisjóðnum að gæta að öryggi þeirra persónuupplýsinga sem Sparisjóðurinn vinnur með. Þeirri skyldu gegnir Sparisjóðurinn með því t.d. að setja sér öryggisstefnu, að meta áhættu sem steðjar að viðkomandi vinnslu, til dæmis hættu á að óviðkomandi fái aðgang að upplýsingunum, þær skemmist eða verði eytt og að viðhafa öryggisráðstafanir til að stemma stigu við slíkri áhættu. Þær öryggisráðstafanir lúta einkum að aðgangsstýringu, raunlægu öryggi, mannauðsöryggi, rekstraröryggi og samskiptaöryggi. Þá viðhefur Sparisjóðurinn innra eftirlit með ofangreindu og endurskoðar áhættumat sitt og viðbrögð reglulega.

18. Ábyrgð á tjóni

18.1. Sparisjóðurinn ber ekki ábyrgð á tjóni sem viðskiptavinir verða fyrir nema það megi rekja til stórkostlegs gáleysis eða ásetnings starfsmanna Sparisjóðsins við framkvæmd starfa þeirra, nema lög eða samningar kveði á um annað.

18.2. Sparisjóðurinn ber ekki ábyrgð á tjóni sem stafar af:

1. Rangri, villandi eða misvísandi upplýsingagjöf eða fyrirmælum viðskiptavinar
2. Óviðráðanlegum atvikum, s.s. bilunum, truflunum eða óvirkni fjarskiptabúnaðar, náttúruhamförum, stríði, hryðjuverkum, skemmdarverkum, borgaralegum óeirðum, samskiptum eða tölvuaðstöðu, viðskiptabönnum, verkföllum, lögum og reglum stjórnvalda, samtaka eða stjórnvalda á alþjóðavettvangi og öðrum sambærilegum atvikum sem Sparisjóðurinn gat ekki og mátti ekki geta með réttu séð fyrir og hindrað
3. Lögákveðnum skyldum Sparisjóðsins
4. Öðrum óviðráðanlegum atvikum sem rjúfa, trufla eða hindra að hluta eða öllu leyti þá þjónustu sem Sparisjóðurinn veitir án þess að slíkir atburðir flokkist undir óviðráðanleg atvik (l. force majeure).

18.3. Í þessum skilmálum merkir óviðráðanleg atvik hver þau atvik sem hindra Sparisjóðinn í að standa við einhverja eða allar þær skuldbindingar sem ýmist stafa af eða má rekja til athafna, atburða, vanrækslu eða óhappa sem ætla má að séu utan þess sem gera má ráð fyrir að Sparisjóðurinn hafi stjórn á, þar með talið, en án takmarkana, hvers kyns bilana, truflana eða óvirkni fjarskiptabúnaðar, náttúruhamfara, stríðs, hryðjuverka, skemmdarverka, borgaralegra óeirða, samskipta eða tölvuaðstöðu, verkfalls, laga og reglugerða stjórnvalda eða samtaka eða stjórnvalda á alþjóðavettvangi.

18.4. Geti Sparisjóðurinn ekki sinnt skuldbindingum sínum vegna óviðráðanlegra atvika mun Sparisjóðurinn gera viðskiptavini viðvart um það með skriflegum hætti þar sem eðli og umfangi atvikanna er lýst.

18.5. Sparisjóðnum er ekki skylt að inna af hendi neina af skuldbindingum sínum vegna óviðráðanlegra atvika eða á meðan sú staða er enn uppi.

18.6. Sparisjóðurinn skal kappkosta að koma því í kring að hinum óviðráðanlegu atvikum ljúki sem fyrst eða finna lausn á því með hvaða hætti efna megji samkomulagið þrátt fyrir áframhaldandi óviðráðanleg atvik.

18.7. Skal Sparisjóðurinn gera allar viðeigandi ráðstafanir svo að unnt sé að efna skuldbindingar eftir að óviðráðanlegum atvikum lýkur.

18.8. Sparisjóðurinn ber ekki ábyrgð gagnvart viðskiptavini á neinum töfum, að hluta eða öllu leyti, á skuldbindingum sem hér eiga undir vegna ástæðna sem rekja má til óviðráðanlegra atvika.

18.9. Viðskiptavinur Sparisjóðsins ber ábyrgð á því tjóni sem hann veldur Sparisjóðnum sem rakið verður til ásetnings, vanrækslu eða stórfellds gáleysis af hans hálfu.

19. Réttarúrræði viðskiptavina

19.1. Hafi viðskiptavinur Sparisjóðsins einhverjar ábendingar eða kvartanir vegna vöru, þjónustu eða meintra mistaka Sparisjóðsins og/eða starfsmanna hans við framkvæmd laga eða reglna geta þeir komið erindi sínu á framfæri við Sparisjóðinn. Á heimasíðu Sparisjóðsins, www.spar.is, er hægt að senda ábendingar varðandi hvaðeina er snýr að starfsemi Sparisjóðsins, þjónustu hans og öðru.

19.2. Sparisjóðurinn er aðili að Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Viðskiptavinur getur skotið ágreiningi sínum við Sparisjóðinn til Úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki í samræmi við samþykktir fyrir nefndina:

Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki

Guðrúnartúni 1
105 Reykjavík
Sími: 578 6500
Tölvupóstur: fjarmal@nefndir.is

Til að senda inn kvörtun til nefndarinnar þarf viðskiptavinur að fylla út sérstakt málskotseyðublað og greiða málskotsgjald. Ef kröfur viðskiptavinar eru teknar til greina að hluta eða að öllu leyti fæst málskotsgjaldið endurgreitt. Málskotseyðublaðið má finna á vefsíðunni <https://nefndir.is/fjarmala/> Fjármálaeftirlitið starfrækir upplýsinga- og leiðbeiningaþjónustu fyrir viðskiptavini fjármálafyrirtækja. Sjá nánar á vef Fjármálaeftirlitsins, www.fme.is.

19.3. Seðlabanki Íslands starfrækir upplýsinga- og leiðbeiningaþjónustu fyrir viðskiptavini fjármálafyrirtækja. Sjá nánar á vef Seðlabanka Íslands www.sedlabanki.is.

19.4. Þá getur viðskiptavinur Sparisjóðsins einnig borið ágreiningsefni undir dómstóla. Bent er á að Lögmannafélag Íslands býður almenningi ókeypis lögmannsaðstoð. Sjá nánar á vef Lögmannafélags Íslands, www.lmfi.is.

20. Tryggingasjóður innstæðueigenda og fjárfesta

20.1. Sparisjóðurinn er aðili að Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta, sjá nánar á www.tif.is.

20.2. Markmið laga um innstæðutryggingar og tryggingarkerfi fyrir fjárfesta nr. 98/1999 er að veita innstæðueigendum í viðskiptabönkum og sparisjóðum og viðskiptavinum fyrirtækja sem nýta sér heimildir laga til að stunda viðskipti með verðbréf lágmarksvernd gegn greiðsluferfiðleikum viðkomandi fyrirtækis í samræmi við ákvæði laganna.

21. Gildistaka og breytingar

21.1. Sparisjóðnum er heimilt að fella skilmála þessa úr gildi, bæta við þá eða breyta hvenær sem er og taka slíkar breytingar gildi án fyrirvara ef þær eru til hagsbóta fyrir viðskiptavin, snúa aðeins að lögaðilum eða varða atriði sem falla utan gildissviðs laga um greiðsluþjónustu. Séu breytingarnar ekki til hagsbóta fyrir viðskiptavin og varða atriði sem falla undir gildissvið laga um greiðsluþjónustu, taka breytingarnar gildi með tveggja mánaða fyrirvara. Geri viðskiptavinur ekki athugasemdir innan þess tíma telst hann hafa samþykkt breytingarnar. Breytingar á öllum skilmálum Sparisjóðsins eru birtar á vefsíðu Sparisjóðsins, www.spar.is, og er viðskiptavini tilkynnt um þær á rafrænu formi eða öðrum varanlegum miðli í samræmi við ákvæði 8. kafla skilmála þessa.

21.2. Sætti viðskiptavinur sig ekki við breytingu á skilmálum getur hann sagt upp viðskiptum sínum við Sparisjóðinn í samræmi við 15. kafla skilmála þessara.

21.3. Skilmálar þessir eru staðlaðir og verður ekki breytt af hálfu viðskiptavinar. Áritanir, útstrikanir, viðbætur eða annars konar breytingar sem viðskiptavinur gerir á þeim hafa ekki gildi gagnvart Sparisjóðnum.

21.4. Skilmálar þessir gilda fyrir alla viðskiptavini Sparisjóðsins og koma í stað áður samþykktra og birtra skilmála sama efnis.

Með undirritun skilmálanna, öðru samþykki eða því að óska eftir viðskiptum eða hefja viðskipti við Sparisjóðinn samþykkir þú, sem viðskiptavinur, efni skilmálanna og að fylgja þeim í hvívetna.

Skilmálar þessir taka gildi 19. nóvember 2024